

# Skýrsla stjórnar SBU, aðalfundi 1. mars 2013

---

Hér er farið yfir starf félagsins og þróun mála á árinu 2012 og byrjun ársins sem er að líða.

Á aðalfundi 2012 voru litlar breytingar á stjórn þar sem eitt af fimm sætum var laust. Erna Björg Smáradóttir gaf kost á sér og engin mótframboð komu. Áfram héldu undirritaður, Sigrún Guðnadóttir varaformaður, Óskar Þór Þráinsson ritari og Óskar Guðjónsson meðstjórnandi. Erna tók við starfi gjaldkera.

Á þessu ári eru fjögur okkar að ljúka kjörtímabili sínu og einn, Óskar Guðjónsson að ljúka sínu þriðja kjörtímabili. Hann fer úr stjórn samkvæmt lögum félagsins en við munum njóta krafta hans áfram sem trúnaðarmanns okkar hjá Reykjavíkurborg. Þar vinnur hann núna meðal annars að starfsmáttálum. Ég hætti sem formaður núna eftir eitt kjörtímabil, þannig að nú verður kosið um nýjan formann. Sigrún hefur boðið sig fram í það embætti. Óskar Þór og ég gefum líka kost á okkur í stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund.

---

Það var ljóst strax eftir hrun að þungur róður yrði að halda störfum í þeim geira sem við vinnum. Sérstaklega töldum við að bókasöfnin færu sér hægt í ráðningum og varla var hægt að gera ráð fyrir að þar sköpuðust mörg ný störf. Það hefur enda komið á daginn að mörg þeirra meta í hvert skipti sem starfsmaður hættir, vegna aldurs eða annars, hvort ráða eigi í staðinn. Vöxturinn hefur nær eingöngu orðið í skjalastjórnun.

Atvinnuleysi varð ekki mikið meðal okkar stéttar eftir hrun fyrir en árið 2011, þegar það fór úr rúmum 2% í tæp 5%. Það dró svo úr því jafnt og þétt á árinu 2012 og er nú komið niður fyrir 2% aftur.

Á þessum tíma hefur félagið beitt sér mest á tvennum vettvangi í málefnum bókasafna. Annars vegar fórum við sérstaklega yfir málefni skólabókavarda í Reykjavík og ræddum við yfirmenn þeirra mála hjá borginni. Þessi hópur varð fyrir mikilli skerðingu og hefur verið útsettur fyrir að bæta á sig vinnu án þess að fá laun fyrir þá viðbót. Við hugðumst nota niðurstöður þeirrar vinnu til að beita okkur í málefnum einstakra skólabókavarda í öðrum sveitarfélögum, en höfum ekki fengið slík mál utan höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar höfum við fylgst með atvinnuauðglýsingum og beitt okkur ef við teljum að brotin hafi verið ákvæði bókasafnalaga um að forstöðumaður almenningsbókasafn sé með þessa menntun, ef þess er kostur.

Við höfum á þessum tíma unnið með Upplýsingu að ímyndarmálum stéttarinnar. Við viljum efla ímynd allra sem þessa menntun hafa, fólks sem bæði hefur getu til að skípuleggja vinnu á bókasafni, skjalastjórnun og aðra upplýsingavinnu.

Við vinnum fyrir alla hópa innan félagsins og fyrir einstaka félagsmenn. Við gerum það ekki á þann hátt að leita til félagsmanna til að vita hvort sé ekki hægt að byrja málarekstur, sem væri þó alveg lögleg aðferð. Við vinnum að málum sem félagsfólk snýr sér með til okkar. Við vinnum með þau í samstarfsefndum sveitarfélaga, þar með taldri Reykjavíkurborg, og á svipaðan hátt gagnvart ríkinu. Það krefst þess að félagsmaður snúi sér til okkar með umkvörtunarefni og að við getum unnið úr því á grundvelli gagna sem lögð eru fram. Fólk getur snúið sér beint til stjórnarmanns, trúnaðarmanns eða þjónustuskrifstofu okkar. Þið finnið lista yfir trúnaðarmenn á sbu.is.

---

SBU hefur rekið þjónustuskrifstofu síðan um aldamót með fjórum öðrum félögum, Félagi ísl. félagsvísindamanna, Fræðagarði, Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga og Stéttarfélagi lögfræðinga. Í lok ársins 2012 kom fram óánægja með þetta samstarf hjá Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga sem endaði með því að þau gengu úr samstarfinu og reka nú sérstaka skrifstofu.

Samstarfið miðaði í upphafi að því að hvert félag gæti rekið skrifstofu sem gæti verið opin virka daga árið um kring í stað þess að hvert þeirra væri með hálfan eða einn starfsmann sem væntanlega þarf sín frí, getur orðið veikur. Hagræði átti að nást fram með samnýtingu starfsmanna. Ég tel að þetta hafi allt gengið eftir.

Félögin hafa haft mikið samstarf um aðra þætti, sameinast til dæmis um stofnanasamninga og trúnaðarmenn þegar svo ber undir, enda oft með fáa starfsmenn á vinnustöðum. Nú erum við að skoða allt þetta samstarf og stefnum að því að reka áfram þjónustuskrifstofu fyrir félögin fjögur sem eftir eru, Félag ísl. félagsvísindamanna, Fræðagarður, SBU og Stéttarfélag lögfræðinga.

---

Í þessum mánuði er launahækkun hjá flestum félagsmönnum upp á 3,25%. Samningar hafa verið styttnir um 2 mánuði og renna nú út 31. janúar 2014 hjá flestum okkar. Við fáum eingreiðslu upp á 38.000 1. janúar næstkomandi. Aðrar launabætur má ná í gegnum stofnanasamninga. Það er rétt að áminna félagsfólk að frumkvæði að nýjum stofnanasamning eða breytingu á eldri stofnasamningi kemur frá fólki á vinnustað. Félagsfólk getur nú gert stofnanasamning eitt sér á sínum vinnustað, þ.e. SBU, eða í samvinnu við hver önnur félög sem það kys á vinnustað, og það er ekki bundið við BHM-félög.

Ríkisstarfsmenn eiga nú rétt á launuðu námsleyfi hafi þeir unnið fjögur ár eða lengur hjá sömu stofnun. Það eru margir félagsmenn sem það gildir um. Annar kostnaður í námsleyfi getur verið endurgreiddur af Starfsmenntasjóð BHM og/eða af Starfsþróunarsetri háskólamanna.

Við vonumst til að næst þegar verður samið, skili þessi réttindi sér einnig til starfsfólks sveitarfélaganna, þar með taldrar borgarinnar. Allt eru þetta smáatriði sem safnast saman

í rétt okkar, og þannig hafa öll þau réttindi unnist sem fólk hefur á vinnumarkaði, einnig það sem stærir sig af því að þurfa ekki á þjónustu stéttarfélags að halda.

---

Við höfum lagt áherslu á að geta átt samskipti við ykkur gegnum félagsmiðla og aðra nýja miðla og munum vinna áfram að því. Við vinnum nú að uppfærslu á vef fyrir SBU (sbu.is) og fær vefurinn um leið nýtt útlit. Tilgangurinn með honum verður að geta verið með betri tengsl við félagsmenn. Hann verður þó aldrei stór né mikill í félagi með tæpa 280 félagsmenn sem vex ekki hratt.

Við erum tilbúin til að taka upp málefni allra þeirra sem snúa sér til okkar. Ég vek sérstaka athygli ykkar á að öll mál sem þið teljið vera erfitt að ræða við náðið samstarfsfólk, næsta yfirmann eða annan sem þið umgangist daglega í vinnunni, má leysa með aðkomu fólks sem starfar við þetta hér á þjónustuskrifstofunni. Þau vinna við þetta og mál eru yfirleitt meðhöndluð öðruvísi þegar þau koma að, vandinn sem fylgir náðinni er leystur að hluta.

Á síðasta aðalfundi kom fram ábending um að setja fram yfirlit um störf stjórnar og trúnaðarfólks fyrir SBU, sem fylgir hér að neðan. Ég bið fólk að athuga að slík störf byrja nær alltaf á fundarsetu, sem eru mikill hluti af starfinu. Þar eru samstarfsaðilar að stilla saman strengi og þar er samið við mótaðila, þegar svo ber undir.

1. mars 2013

Sveinn Ólafsson

formaður SBU.

*Yfirlit starfa stjórnar::*

**Innan SBU:**

Stjórnarfundir SBU

Unnið að málefnum skólabókavara í Reykjavík - fundur með Oddnýju Sturludóttur

Unnið að fjarfundasendingu á aðalfundi

Unnið í máli félagsmanns sem kærði ráðningu í Innanríkisráðuneyti

Aðalfundur SBU

Fundur með félagsfólki í Landsbókasafni

Fundur með félagsfólki á Akranesi

Fundur með félagsfólki í Keflavík

Fundur með félagsfólki á Selfossi

**Innan BHM:**

Fundur um afturvirkni uppsagna

Lífeyrisráðstefna BHM, BSRB og KÍ

Kjara- og réttindaráð, opnir fundir

Fundir um bókun 1 í samningi ríkisins við BHM

Framadagar, undirbúningur og þátttaka

Fundur um frumvarp til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna

Fundur um tillögur til breytinga á lögum BHM, lagðar fyrir aðalfund

Tekið á móti útskriftarnemum úr HÍ

Móttaka í nýjum húsum orlofssjóðs BHM í Brekkuskógi

Ársfundur Styrktarsjóðs BHM

Ársfundur Sjúkrasjóðs BHM

Fundur í Landspítala um málefni BHM-félaga þar

Greining stofnanasamninga

Formannaráð

Aðalfundur BHM og framhaldsaðalfundur

Fundur um bókanir við sveitarfélög og Reykjavíkurborg

Námskeið um stofnanasamninga

Kynning á jafnlaunastaðli

**Samstarf innan Huggarðs og síðar FFSS:**

Stjórnarfundir Huggarðs

Sameiginlegir fundar stjórnar Huggarðs og FFSS

Fundir um breytingar á vef Huggarðs

Fundur um stofnanasamninga í Menntaskólanum við Sund

Ráðning starfsmanns

Viðræður um samstarf innan Huggarðs

Fundir um samstarf FÍF, Fræðagarðs, SBU og SL

*Varaformaður:*

**Fyrir SBU**

Stjórnarfundir SBU

Vefmál fyrir SBU

Aðalfundur SBU

Ferð á Akranes til að kynna og ræða samninga fyrir okkar fólki þar.

Ferð til Keflavíkur til að kynna og ræða samninga fyrir okkar fólki þar.

Fundur með stjórn Fræðagarðs vegna málefna Huggarðs

### **Fyrir BHM**

Húsnæðisbætur - baklandsfundur á vegum BHM

Miðstjórnarfundur BHM

Aðalfundur BHM

### **Fyrir Huggarð**

Fyrirlestur hjá Ernu Guðmundsdóttir lögfræðingi BHM

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra, með fyrirlestur um stöðu ESB-umsóknarinnar og næstu skref í málinu

Ráðstefna um samninga á vegum á vegum BHM og fjármálaráðuneytis

Ráðstefna um samninga á vegum á vegum BHM og fjármálaráðuneytis, seinni hluti

Fundur með stjórn Fræðagarðs vegna málefna Huggarðs

Opinn fundur í fag- og kynningarnefnd og kjara- og réttindanefnd

*Gjaldkeri:*

### **Innan SBU:**

Stjórnarfundir SBU

Vefmál SBU

Handbók stjórnar

Fundur í Arion banka v. fjárfestingakosta

### **Innan BHM:**

Framadagar

Aðalfundur BHM og framhaldsaðalfundur

Ráðstefna um samninga á vegum á vegum BHM og fjármálaráðuneytis

Kynning á jafnlaunastaðli

### **Samstarf innan Huggarðs og síðar FFSS:**

Undirbúningur, eftirfylgni og ferð til Brussel og Dublin

Sameiginlegir fundir Huggarðs/aðildarféлага að þjónustuskrifstofu

Fundir þróunarhóps

Fundur – samstarfshópur í myndarmál

Sit í kjaradeilusjóði og vísindasjóði – enn hefur ekki verið boðað til fundar í þeim sjóðum.

*Ritari:*

**Innan SBU:**

Stjórnarfundir SBU

Vefmál SBU

**Innan BHM:**

Aðalfundur BHM og framhaldsaðalfundur

Ráðstefna um samninga á vegum á vegum BHM og fjármálaráðuneytis

**Samstarf innan Huggarðs og síðar FFSS:**

Sameiginlegir funda stjórnna Huggarðs og FFSS

*Meðstjórnandi:*

**Innan SBU:**

Stjórnarfundir SBU

**Innan BHM:**

Starfsmat hjá Reykjavíkurborg

Ráðstefna um samninga á vegum á vegum BHM og fjármálaráðuneytis

**Samstarf innan Huggarðs og síðar FFSS:**

Sameiginlegir funda stjórnna Huggarðs og FFSS